



Ólöf Matthíasdóttir

Hólar 15,
450 Patreksfirði

Efni: Kynning á fyrirhuguðum áformum um að breyta Rauðasandsvegi (640) og Melanesvegur (6178-01) úr Héraðsvegi yfir í Tengiveg á Vegaskrá Vegagerðarinnar.

Með bréfi þessu er Ólöfu Matthíasdóttur kt. 071153-2669, sem þinglýstum eigendum að jörðinni Melanes í Vesturbyggð, fasteignanr. 2123469, landeignanr. 139903, tilkynnt um að áform eru um að breyta veginum frá Melanesvegi (6178-01) að bílastæði við tjaldsvæði Melaness í Tengiveg. Með því að taka tiltekin veg inn á vegaskrá verður Vegagerðin veghaldari hans og gera má ráð fyrir hefðbundnu viðhaldi vegarins.

Síða 1/2

Einnig eru áform um að breyta Rauðasandsvegi (640) frá Örlygshafnarvegi (612-01) úr Héraðsvegi yfir í Tengiveg á Vegaskrá Vegagerðarinnar.

Núverandi Rauðasandsvegi er hefðbundinn malarvegur með malarslitlagi og er það efsta lag malarvega.

Í b. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 er að finna skilgreiningu á svonefndum tengivegum en þeir eru einn flokkur þjóðvega. Þar segir:

„Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgörðum og innan þeirra **og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis**. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.“

Þegar fjárveitingar liggur fyrir varðandi endurbætur á vegi mun Vegagerðin kynna slíkt tímanlega fyrir landeigendum með formlegum hætti í samræmi við ákvæði vegalaga og er í því ferli gert ráð fyrir að Vegagerðin kaupi land undir tengivegin, óski eftir að skipta vegsvæðinu út sem sérstakri spildu undir vegsvæði og færa eignarhaldið yfir á Vegagerðina í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 80/2007 og laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Vegagerðin vill með bréfi þessu upplýsa þig sem þinglýstan eiganda að jörðinni Melanesi um framangreinda breytingu og óska eftir því, hafirðu einhverjar athugasemdir, að þær verði sendar skriflega á undirritaðan **innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs**.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vinsamlegast sendið athugasemdirnar ef einhverjar eru á eftirfarandi póstfang eða í tölvupósti á neðan greint netfang undirritaðs.

Vegagerðin
B.t. Sigurður Friðgeir Friðriksson
Borgarbraut 66
310 Borgarnesi

Allar nánari upplýsingar veita Sigurður Friðgeir Friðriksson, sérfræðingur Borgarnesi, netfang sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is

Afrit: Vesturbyggð

Síða 2/2

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin